

- 62 37. Húseignin og lóðin Sundstræti 31, eigendur Halldór Sigurðsson og Guðjón  
28. apríl Halldórsson.  
38. Húseignin og lóðin Tangagötu 28, eigandi Daniel Kristjánsson.  
39. Húseignin og lóðin Fjarðarstræti 47, eigandi Baldvin Jónsson.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. apríl 1947.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Jón S. Ólafsson.*

63

3. maí

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerðum nr. 48 1944, nr. 67 1932 og nr. 88 25. okt. 1929,  
um bifreiðatryggingar.

1. gr.

Aftan við 1. gr. bætist:

Ráðherra getur þó heimilað bifreiðaeigendum að tryggja bifreiðir sínar fyrir skemmri tíma en eitt ár.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 3. maí 1947.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

64

7. maí

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð 5. júní 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins  
við Landsbanka Íslands.

1. gr.

Upphaf 5. málsg. 10. gr. orðist þannig:

Ef lántakandi á fé í nýbyggingarsjóði, má lánsfjárhæðin, samkvæmt 1.—4. málsg. þessarar greinar, að viðbætti eign hans í nýbyggingarsjóði, eigi fara fram úr matsverði hinnar veðsettu eignar.

2. gr. \*

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 7. maí 1947.*

**Emil Jónsson.**

*Jón Guðmundsson.*